



Umsögn um:

Ræktum Ísland – Umræðuskjal.

Landbúnaður á 21. öld

Almennt

Þann 5. maí sl. birti atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti umræðuskjalið „Ræktum Ísland“ – um landbúnaðarstefnu fyrir Ísland. Í Samráðsgátt stjórnvalda er þetta umræðuskjal til umsagnar en í skjalinu er gerð grein fyrir þeim atriðum sem leggja ber til grundvallar mótunar landbúnaðarstefnu á næstu árum.

Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði (SAM) fagna umræðuskjalinu „Ræktum Ísland“ og telja skjalið jákvætt innlegg í frekari vinnu við mótun landbúnaðarstefnu Íslands.

Umræðuskjalið er yfirgripsmikið. Því er skipt í 19 meginatriði sem spanna flesta þá málaflokka sem móta starfsumhverfi landbúnaðar, bænda og annarra hagaðila. Umfjöllunin spannar allt frá stjórnsýslu og EES-rétti til dýravelferðar og umhverfismála.

Almennt ber að taka undir það sem segir í upphafi umræðuskjalsins að því sé ætlað að vísa veginn við gerð búvörusamninga þegar fram líða stundir. SAM telja skjalið gagnlegt innlegg í stefnumótun fyrir næstu búvörusamninga. Þá ber ennfremur að taka undir það sem fram kemur í inngangi skjalsins en þar er bent á mikilvægi landbúnaðar þegar kemur að lausn loftlagsmála, ásamt því að bent er á að víðsýn landbúnaðarstefna sé forsenda matvælastefnu, alhliða ferðaþjónustu, orkustefnu, landsskipulagsstefnu, samgöngu-áætlunar og annarra byggða- og mannvirkjunaráætlana sem ná til landsins alls. Þá ber enn fremur að taka undir umfjöllun í inngangi skjalsins en þar er bent á að landbúnaði verði ekki beint til sjálfbærni, landnýtingar, loftslagsmála og tæknivæðingar án þess að afkoma bænda sé viðunandi.

Í þessari umsögn verður gerð grein fyrir afstöðu SAM til þeirra atriða sem tekin eru til umfjöllunar í umræðuskjalinu.

1. Hugtakið landbúnaður

Landbúnaður er ein af grunnstoðum lifandi samfélaga og er eini iðnaðurinn sem hefur fylgt Íslendingum frá landnámi. Tekið er undir að hugtakið „landbúnaður“ skuli vera rúmt túlkað í umræðuskjalinu og að lögð sé áhersla á að það lagi sig að þróun búrekstrar á hverjum tíma.

2. Fæðuöryggi

Fæðuöryggi er mikilvægt við mótun landbúnaðarstefnu. Í norskum skýrslum er notað hugtakið „selvforsyningsgrad“ sem mætti þýða sem „sjálfsnægtahlutfall“. Það segir til um hve hátt hlutfall neyslu kemur frá innlendri (norskri) framleiðslu. Það er síðan notað til að meta hvert sjálfsnægtahlutfallið er fyrir helstu afurðir landbúnaðar. Á þeim grunni hafa norsk stjórnvöld síðan sem dæmi metið áhrif þess að breyta neyslumynstri matvæla, t.d. að draga úr neyslu á rauðu kjöti til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda, á þetta sjálfsnægtahlutfall.

Nú stendur yfir landskönnun á matarræði meðal Íslendinga á vegum Embættis Landlæknis. Samkvæmt upplýsingum þaðan er von á að niðurstöður liggi fyrir í haust. Þær verða mikilvægt innlegg í umræðu um hve hátt hlutfall þeirra matvæla sem neytendur innbyrða, er komið úr nærumhverfinu (Íslenskt) og hve hátt hlutfall er innflutt. Út frá því má skoða t.d. áhrif breyttra neysluviðmiða t.d. vegna aðgerða í loftslagsmálum á fyrrnefnt sjálfsnægtahlutfall. Í framhaldinu væri eðlilegt að taka hliðsjón af því í stefnumótun fyrir íslenskan landbúnað.

Annað hugtak sem má taka inn í þessa umræðu er „Food sovereignty“ eða „Matvæla fullveldi“. Með því er átt við rétt fólks til heilnæmrar og menningarviðeigandi matvæli sem eru framleidd með sjálbærum og endurnýjanlegum aðferðum og rétt fólks til að skilgreina sín eigin matvæla framleiðsluferfi.

Matvælaframleiðsla snýst þannig um margt fleira en eingöngu matinn sjálfan eins og ágætlega er undirstrikað í skýrslunni.

3. Matvælaöryggi

Taka ber undir umfjöllun höfunda umræðuskjalsins um matvælaöryggi. Matvælaöryggi er lykilþáttur landbúnaðarstefnu en laga ber opinbert heilbrigðis- og eftirlitskerfi að nýjum leiðum til matvælaöryggis. Umfjöllun um þetta atriði er rétt og mikilvæg atriði dregin fram, þ.m.t. að tryggja þurfi traust neytenda til landbúnaðarframleiðslunnar.

Enn fremur er tekið sérstaklega undir umfjöllun um EES-reglur en þar gildir sú meginregla að aðilar að EES-samningnum sýni sveigjanleika gagnvart framleiðendum landbúnaðarvara og afurðastöðvum og gæti meðalhófs í aðgerðum sínum. Nánar verður fjallað um þetta hér síðar.

4. Landnotkun

Tryggja þarf skráningu ræktarlands og landskipulag sveitarfélaga líti til þess að gengið sé ekki á þessa auðlind án fyrirbyggju.

5. Sjálfbær landnýting

Tekið er undir öll megin sjónarmið sem fram koma í kaflanum. Landnýting er mikilvægur þáttur í hlutverki sem og ímynd landbúnaðar.

6. Kornrækt

Í umræðuskjalinu er bent á þörf fyrir öryggisnet vegna uppskerubrests og mikilvægi þess að áætlanir um landnotkun stuðli að kornrækt. Þá er sá hluti umræðuskjalsins sem bendir á að aukin kornrækt drægi úr innfluttum aðföngum er jákvæður.

Til viðbótar má benda á mikilvægi þess að kornrækt á Íslandi njóti sambærilegs rekstrarumhverfis og kornrækt í nágrannalöndunum, sem þó er forsenda þess að kornrækt á Íslandi geti verið samkeppnishæf.

7. Lífrænn landbúnaður

Lífræn vottun ESB er nokkuð sniðin að staðháttum suðlægari þjóða. Framleiðslukostnaður hækkar mikið við að uppfylla þær kröfur norður við heimskautsbaug. Lífræn vottun miðar að framleiðslu afurða sem hafa afmarkaðan kaupendahóp. Verði offramboð lækkar verð og þar með getur sú staða komið upp að framleiðendur nái ekki upp í tekjur fyrir framleiðslukostnaði, taprekstur og þar með fyrir tjóni. Bændur í ESB eru t.d. ekki sáttir við að verið sé að stefna á að 25% af landi verði lífrænt vottað fyrir 2030 þar sem þeir óttast verðlækkun lífrænt vottaðra afurða.

8. Kolefnisjöfnun landbúnaðar

Í lok síðasta árs kom út Umhverfisskýrsla Mjólkursamsölnunar, en fyrirtækið er eitt stærsta matvælafyrirtæki landsins og er í eigu kúabænda um land allt. Hlutverk Mjólkursamsölnunar (MS) er að taka við mjólk frá eigendum sínum og umbreyta henni í mjólkurafurðir í takt við þarfir íslenskra neytenda. Undanfarin ár hefur MS náð að draga töluvert úr umhverfisþorpi starfsemi sinnar með umhverfisvænni umbúðum, betri nýtingu hráefnis, endurnýjun á tækjabúnaði, hreinni orku og betri nýtingu bifreiða með betra leiðarkerfi fyrir mjólkursöfnun hjá bændum og dreifingu mjólkur til verslana. Sem dæmi hefur fjárfesting í nýjum tækjabúnaði og orkuskipti frá olíu í rafmagn dregið úr kolefnislosun vegna duftframleiðslu um 95% á sama tíma og framleiðsla hefur aukist um 43%. Þá hefur MS verið að skoða möguleikann á vetnisvæðingu stærri flutningabifreiða sinna, en fyrirtækið er eitt stærsta flutningsfyrirtæki landsins.

Eitt stærsta skref sem íslenskur matvælaiðnaður hefur tekið í umhverfismálum undanfarin ár er svo verksmiðja Íslenskra mysufurða á Sauðárkróki. Þar er mysa sem fellur til við framleiðslu osta nýtt til vinnslu á hágæða próteindufti. Hjá Íslenskum mysufurðum er nú framleitt próteinduft úr um 50 milljón lítrum af mysu sem áður fóru til spillis. Síðar á árinu verður svo annar áfangi verksmiðjunnar tekinn í notkun en þar verður unnið etanól úr mjólkursykri sem einnig er unninn úr mysunni. Sóun hráefna í mjólkuriðnaði heyrir þar með sögunni til en þegar framleiðsla etanóls verður farin af stað mun nýtingin hráefnisins verða fullkomin og eingöngu vatn renna til sjávar frá framleiðslunni.

9. Líffræðilegur fjölbreytileiki

Vert er að taka heilshugar undir umfjöllun um varðveislu íslensku búfjárkynjanna. Athygli vekur umfjöllun á bls. 42 í umræðuskjalinu en þar er því haldið fram að virk

stofnstærð íslenska hestsins hafa minnkað á síðustu árum. Íslenskum hestum fjölga erlendis og einnig er talið að tölur sem birtar eru í mælaborði landbúnaðarins um fjölda hrossa séu ekki réttar. Þessa umfjöllun má því e.t.v. rýna betur.

10. Dýravelferð – dýraheilbrigði

Heilnæmi umhverfis búfjár og manna er nefnt undir lok kaflans. Þetta er mikilvægur þáttur. Notkun lyfja – ekki bara sýklalyfja – og stefna í þeim málaflokki er mikilvægur liður í málaflokki. Óþol getur þróast fyrir fleiri lyfjum en sýklalyfja eins og t.d. við ormalyfjum. Skýrslan nefnir aðeins sýklalyf. Í kafla 15 er fjallað um lyfjanotkun. Hluti af stefnu í þessum málaflokki þarf einnig að fela í sér aðgengi að lyfjum og að ný lyf séu skráð með. Einnig þarf að fjalla um aðra lyfjanotkun og að tryggja að markaðsleyfi fái fyrir ný lyf og að sem nýjust, best og rétt lyf séu bændum aðgengileg. Þetta þarf að vera hluti af landbúnaðarstefnu.

11. Menntun, rannsóknir, ráðgjöf og nýsköpun

Hlutur kvenna og hvernig virkjum við þær sem best, hvað fær ungar konur til að setjast að í sveitum. Þetta þarf að greina og bregðast við eftir atvikum.

12. Fjórða iðnbyltingin

Tekið er undir umfjöllun í þessum kafla. Innleiðing nýjustu þekkingar og tækni er forsenda framþróunar í landbúnaði jafnt sem öðrum atvinnuvegum.

13. Fyrirkomulag opinbers stuðnings

Til viðbótar umfjöllun um stuðning við landbúnað má benda á að skoða þarf framtíðarfyrirkomulag áfallatrygginga í landbúnaði. Bjargráðasjóður sem starfar í dag er vanbúinn að fjármagni og úrræðum þegar kemur að því að bæta tjón á ótryggðum eignum eins og girðingum, ræktun, vatnsveitum ofl. Af völdum náttúrhamfara. Þar vantar bæði meiri samfellu og skýrari sviðsmynd. Stundum er stigið inn með auka fjármagn þegar margir verða samtímis fyrir tjóni en sambærileg tjón geta legið óbætt ef fjármagn skortir þegar einn eða fáir verða fyrir tjóni. Þá þarf að huga að tryggingum eða aðgerðum til að koma til móts við kostnað t.d. alifuglabænda sem þurfa að fást við salmonellu smit í hjörðum sínum og farga afurðum bótaust.? Bjargráðasjóður sá um þetta þar til B-deild hans var lögð niður. Hér þarf að taka á og bæta framkvæmd og hafa skýra stefnu og löggjöf.

Að mati SAM þarf að fara varlega í mögulegar breytingar á fyrirkomulagi opinbers stuðnings og nauðsynlegt er að kanna vandlega hvaða áhrif breytingar geta haft. Aukningar á landgreiðslum geta leitt til þess að styrkir færast frá framleiðslu matvæla til eiganda lands, vert er að skoða reynslu af landgreiðslum erlendis áður en ráðist er í afgerandi breytingar.

Jákvætt að einnig verði horft til jarðræktar, landnýtingar og landvörslu við uppbyggingu styrkjakerfis landbúnaðarins. En varað skal við því að breytingar verði þannig að styrkir verði fluttir frá þeim greinum sem nú eru styrktar. Í því sambandi skal

bent á að á fimmtán árum frá 2005 til 2020 hafa styrkir til mjólkurframleiðslunnar lækkað um 22% að raungildi og um 45% sé horft til stuðnings við hvern lítra greiðslumarks.

14. Markaðsvernd og samkeppni

SAM fagna því nýnæmi að lögð sé áhersla á að starfsumhverfi íslensks landbúnaðar hljóti að þurfa að taka mið af reglum um starfsemi bænda og afurðastöðva í nágrannalöndum Íslands. Þá er því enn fremur fagnað að lögð sé áhersla á að tollastefna taki mið af alþjóðasamningum þannig að landbúnaður og úrvinnsluiðnaður hans geti staðið traustum fótum og að þessir aðilar verði virkjaðir til að ná fram jafnvægi milli framleiðslu landbúnaðarvara og neytenda.

SAM telja að verulega hafi skort á að samræma íslenskt laga- og reglugerðarumhverfi við reglur sem gilda um starfsemi bænda og afurðastöðva í t.d. Noregi og innan ESB. Í alltof langan tíma hafa innlend stjórnvöld á nokkurrar gagnrýni hlustað á málflutning Samkeppniseftirlitsins og fulltrúa innflutningsfyrirtækja í þeim efnum, en ekki tekið tillit til þess að undanþágur frá samkeppnisreglum gilda fyrir framleiðendur landbúnaðarvara í Noregi og innan ESB.

Þessu þarf að linna og byggja nýja landbúnaðarstefnu á þeirri nálgun að við mótun reglna hér á landi verði litið til samkeppnisreglna gagnvart landbúnaði í Noregi og innan ESB.

15. Bein tengsl bænda og neytenda

Hreinleiki íslenskra landbúnaðarvara er þeirra aðalsmerki. Áburðarnotkun og útskolun næringarefna er ekki sérstakt umfjöllunarefni. Í umfjöllun um stóraukna jarðrækt/kornrækt þarf að huga að ræktunar háttum. Hvergi virðist minnst á þetta í skýrslunni Ræktum Ísland. Útskolun köfnunarefnis úr jarðvegi er stórt mál t.d. við Eystrasaltið sem er hálf dautt vegna þessa. Að auki þarf ekki bara að varðveita land heldur jarðveg ræktarlands einnig. Meðferð jarðvegs, ræktunaraðferðir, áburðarnotkun og sáðskipti eru þættir sem þarf að huga að.

Þá verður ekki séð að minnst sé á notkun varnarefna í landbúnaði? Varnarefni og aðgengi að þeim eru samofin landbúnaði, gróðurhúsarækt og öllu sem þessu fylgir. Þessi efni þurfa að vera aðgengileg en um leið þarf að viðhafa aðgæslu við notkun þeirra. Í þessu efni var háð mikil orrahríð fyrir nokkrum árum vegna skráningar markaðsleyfa fyrir varnarefni sem lauk með því að fallist var á sjónarmið samtaka bænda (BÍ og SG). Á jafn litlum markaði og hér er þarf að beita opinberum stjórnþækjum til að tryggja nauðsynlegt aðgengi samhliða því sem skýr stefna er viðhöfð. Í nágrannalöndum okkar hefur verið lögð áhersla á að draga saman þessa notkun. Stuðla þarf að góðum ræktunarháttum!

16. Kynslóðaskipti – nýliðun

Tekið er undir mikilvægi fjölskyldubúsins sem grunneiningar, þar sem land, tæki og bústofn eru í eigu fjölskyldunnar. Einnig er vert að undirstrika að viðunandi afkoma er

ekki eingöngu forsenda eðlilegrar nýliðunar; viðunandi afkoma er undirstaða sjálfbærni. Landbúnaður er ekki sjálfbær nema hann skili bændum viðunandi afkomu!

17. Stjórnsýsla

Tekið er undir það sjónarmið að styrkja þarf atvinnuvega- og landbúnaðarráðuneytið til forræðis í loftslags- og landnýtingarmálum í regluföstu samstarfi við umhverfisráðuneytið. – Bændur vinna mikilvæg verk í þágu umhverfisverndar og kappkosta þarf samvinnu aðila þar á meðal Umhverfisráðuneytisins og ANR í þessum málaflokki. .

18. Mikilvægi mælaborðs

Mælaborð landbúnaðarins er lykilverkfæri við framkvæmd landbúnaðarstefnu - ef vel tekst til. Brynt er tryggja persónuvernd sem og viðskiptahagsmuni fyrirtækja sem einstaklinga.

Þá þarf að yfirfara upplýsingar og samræma eða eftir atvikum halda til haga skýringum á sveiflum í tölum sem stundum verða vegna breyttra skráningaraðferða.

19. Framkvæmd EES-löggjafar

SAM taka undir nálgun höfunda umræðuskjalsins um framkvæmd EES-löggjafar. Þannig ber að fagna því að gerð sé grein fyrir því að EES-samningurinn taki einungis að hluta til landbúnaðarvara og að af þeim sökum sé samið sérstaklega um landbúnaðarvörur við ESB.

SAM taka sérstaklega undir þá afstöðu höfunda umræðuskjalsins um að það sé hluti af starfsskilyrðum landbúnaðar hér á landi að hann búi við sömu rekstrarskilyrði og framleiðendur landbúnaðarvara í Noregi og í aðildarríkjum ESB. Er réttilega bent á það í umræðuskjalinu að í norskrí landbúnaðarstefnu sé lögð áhersla á samkeppnishæfni framleiðenda landbúnaðarvara og viðurkennt að hún samkeppnishæfni framleiðenda aukist þegar þeir starfi í stórum rekstrareiningum. Þá ber að fagna því að bent sé á það í umræðuskjalinu að í ESB-rétti hafi landbúnaðarstefna sambandsins forgangsáhrif gagnvart samkeppnisreglum og að framkvæmdastjórn ESB leggi mikla áherslu á stækkun rekstrareininga.

SAM telja að það hafi grundvallarþýðingu fyrir mótun nýrrar landbúnaðarstefnu að tekið sé tillit til þeirra atriða sem bent er á af hálfu höfunda umræðuskjalsins og að íslensk stjórnvöld sýni hérlandum framleiðendum landbúnaðarvara það svigrúm og meðalhóf sem gildir nú þegar í Noregi og innan ESB.

Reykjavík 26. Maí 20201

F.h. Samtaka afurðastöðva í mjólkuriðnaði

Erna Bjarnadóttir